

# STJÓRNARTÍÐINDI B 113 – 2001

26. október 2001

2519

Nr. 817

## REGLUGERÐ

### um (2.) breytingu á reglugerð nr. 714/2001 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi viðbætur og breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á spergilkáli í 2. gr. reglugerðarinnar:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg óútlgr.	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0704.9004	Spergilkál	29.10.01 – 15.03.02		30	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 26. október 2001.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.*

15. október 2001

Nr. 818

## REGLUR

### um breytingu á reglum, nr. 619/1994, um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga.

1. gr.

Við reglurnar bætast tveir nýir tölulíðir, svohljóðandi:

- a. Með óskertu tekjufjöfnunar- og þjónustuframlagi, skv. 12. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, á því ári er sameiningin tekur gildi.